# Föstudagur 13. janúar



## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Gosi (3).** Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Leikraddir Örn Árnason.
18.25 **Líf í nýju ljósi (22).** Franskur teiknimyndaflokkur um mannslíkamann, eftir **Albert Barrillé.**
**18.50 Táknmálsfréttir.**
18.55 **Austurbæingar.** Tólfti þáttur. Breskur myndaflokkur í léttum dúr. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.25 **Búrabyggð (6).** Breskur teiknimyndaflokkur úr smiðju Jims Henson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Annáll íslenskra tónlistarmyndbanda. Síðari hluti.** Sýnd verða nokkur myndbönd frá árinu 1988 og mun dómnefnd velja besta íslenska myndbandið. Dómnefndina skipa Ragnar Bjarnason, Sjón, Valgarð Guðjónsson og Sveinn Guðjónsson. Umsjón Gunnar Már Sigurfinnsson.
21.00 Þingsjá. Umsjón Ingimar Ingimarsson.
21.25 **Derrick.** Þýskur sakamálamyndaflokkur með Derrick lögregluforingja.
22.30 **Fagnaðartíð** (Comfort and Joy). Bresk bíómynd frá 1984. Leikstjóri Bill Forsyth. Aðalhlutverk Bill Paterson, Elana David, og C.P. Grogan. Vinsæll útvarpsmaður á í miklu basli í einkalífinu og ekki batnar ástandið þegar hann dregst inn í óvenjulega valdabaráttu. Þýðandi Steinar V. Árnason.
00.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.

16.35 **Samleið.** The Slugger's Wife. Mynd byggð á samnefndu leikriti Neil Simons sem fjallar um samband frægs hornaboltaleikara og fallegrar rokksöngkonu. Þrátt fyrir að þau séu afar ástfangin eiga þau erfitt með að samræma þá ólíku heima sem þau lifa og hrærast í. Aðalhlutverk: Michael O'Keefe, Rebecca De Mornay, Martin Ritt og Randy Quid.

18.20 **Pepsi popp.** Tónlistarþáttur með nýjustu myndböndum, ferskum fréttum úr tónlistarheiminum, viðtölum, getraunum, leikjum og alls kyns uppákomum. Kynnar: Hafsteinn Hafsteinsson og Nadia K. Banine.
19.19 **19:19.**
20.00 **Gott kvöld.** Helgi og Valgerður, alltaf strax á eftir fréttum um helgar.
20.30 **Í helgan stein.** Léttur gamanmyndaflokkur um fullorðin hjón sem setjast í helgan stein. Aðalhlutverk: Paul Dooley, Phyllis Newman og Alan Young.

20.55 **Ohara.** Nýir bandarískir lögregluþættir. Ohara er einn óvenjulegasti lögregluþjónn sem um getur innan lögsögu L.A. Hann er snjall og úrræðagóður og helgar lögreglustarfinu bæði líf sitt og sál. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Yniguez.
21.45 **Flóttinn.** Winter Flight. Myndin greinir frá ungum hermanni í breska flughernum sem kynnist barstúlkunni Angie, þegar hún bjargar honum frá heldur vandræðalegu óhappi. Ástir takast með þeim en þegar uppgötvast að hún er með barni er óvíst um faðernið. Aðalhlutverk: Reece Dinsdale og Nicola Cowper.
23.25 **Áskorunin.** The Challenge. Háskalegur, bandarískur gervihnöttur lendir í Kyrrahafinu þrátt fyrir að lendingarstaður hans hafi verið áætlaður í Atlantshafinu. Bandaríkjamenn senda þegar skip til að hafa upp á gervihnettinum en slíkt hið sama gerir óvinveitt þjóð frá Asíu. Aðalhlutverk: Darren McGavin, Broderick Crawford, James Whitmore og Mako.
0.55 **Illur fengur, illa forgengur.** Yellow Sky. Sígildur vestri. Útlagar koma til svefnbæjar í villta vestrinu þar sem gull er að finna. Þeir neyða gamlan mann til þess að vísa sér á gull á landareign hans og heita honum hluta af fengnum. Aðalhlutverk: Gregory Peck og Anne Baxter. Ekki við hæfi barna.
2.30 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

5.30 **Viðskipti í Evrópu.**
6.00 **Góðan daginn, Norðurlönd.** Morgunþáttur í umsjá Norðurlandabúa.
7.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
8.00 **Denni dæmalausi.** Gamanþáttur.
8.30 **Hinir litlu.** Teiknimynd.
9.00 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
10.00 **Soul í borginni.** Popptónlist
11.00 **Evrópulistinn.** Popptónlist.
12.00 **Önnur veröld.** Bandarísk sápuópera.
13.00 **Borgarljós.** Viðtöl við frægt fólk.
13.30 **Thailand.** Ferðaþáttur.
14.00 **Ritters Cove.** Ævintýramynd.
14.30 **StarCom.**Teiknimynd.
15.00 **Niðurtalning.** Vinsældalistapopp.
16.00 **Þáttur D.J. Kat.** Barnaefni og tónlist.
17.00 **Gidget.**Gamanþáttur.

17.30 **Mig dreymir um Jeannie.**
18.00 **The Ghost And Mrs. Muir.**Gamanþáttur.
18.30 **Köngulóarmaðurinn.** Ævintýraþáttur.
19.30 **Tíska.**
20.00 **Corvini Inheritance.** Kvikmynd frá 1985.
21.30 **Skíði.**Nýjustu fréttir af skíðamótum.
21.45 **Amerískur fótbolti.**
22.45 **Rall.**París til Dakar.
23.00 **Poppþáttur.**
24.00 **Benny Goodman** Jasshljómleikar.
1.00 **Willie Dixon.**Blús.
1.50 **Stephene Grapelli.**Jass.
2.50 **Tónlist og landslag.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Hulda Hrönn M. Helgadóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.**
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn.**
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Kviksjá** – Danskar nútímabókmenntir.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Maðurinn á bak við bæjarfulltrúann.** Umsjón: Inga Rósa Þórðardóttir. (Frá Egilsstöðum)
11.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
11.05 **Samhljómur** – Tónlistarmaður vikunnar, Mist Þorkelsdóttir. Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.35 **Miðdegissagan:** „Æfingatími" eftir Edvard Hoem. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson les (7.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Samantekt um atvinnuleysi.** Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.**
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist eftir Pjotr Tsjaíkovskí.**
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Arnar Páll Hauksson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Þáttur um menningarmál. Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn.** (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Hljómplöturabb** Þorsteins Hannessonar.
21.00 **Kvöldvaka.**
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Vísna- og þjóðlagatónlist.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur** – Tónlistarmaður vikunnar, Mist Þorkelsdóttir. Umsjón: Anna Ingólfsdóttir.

## RÁS 2 FM 91,1

7.03 **Morgunútvarpið.**
9.03 **Viðbit** – Þröstur Emilsson. (Frá Akureyri)
10.05 **Morgunsyrpa** Evu Ásrúnar Albertsdóttur og Óskars Páls Sveinssonar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Í Undralandi** með Lísu Páls.
14.00 **Á milli mála** – Eva Ásrún Albertsdóttir og Óskar Páll Sveinsson.
16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Sigríður Einarsdóttir og Ævar Kjartansson bregða upp mynd af mannlífi til sjávar og sveita og því sem hæst ber heima og erlendis. Kaffispjall upp úr kl. 16.00, „orð í eyra" kl. 16.45 og dagsyfirlit kl. 18.30. Frásögn Arthúrs Björgvins Bollasonar frá Þýskalandi og fjölmiðlagagnrýni Einars Kárasonar á sjötta tímanum. Ódáinsvallasaga endurtekin frá morgni kl. 18.45.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti Rásar 2.** Stefán Hilmarsson kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. (Annar þáttur endurtekinn frá mánudagskvöldi.)

22.07 **Snúningur.** Stefán Hilmarsson ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Þorsteinn J. Vilhjálmsson kynnir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson.** Tónlist sem gott er að byrja daginn með, fregnir af veðri og færð. Fréttir kl. 8. Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Föstudagstónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba kemur með Halldór milli kl. 11 og 12.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Föstudagsskapið allsráðandi á Bylgjunni, óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór á sínum stað.
18.00 **Fréttir.**
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
22.00 **Þorsteinn Ásgeirsson á næturvakt.**
2.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

7.00 **Egg og beikon.** Morgunþáttur Þorgeirs og fréttastofunnar, viðtöl, fólk og góð tónlist. Stjörnufréttir klukkan 8.
9.00 **Níu til fimm.** Lögin við vinnuna, lítt trufluð af tali. Umsjón Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Bjarni Haukur Þórsson. Stjörnufréttir klukkan 10, 12, 14 og 16.
17.00 **Ís og eldur.** Þorgeir Ástvaldsson og Gísli Kristjánsson, tal og tónlist. Stjörnufréttir klukkan 18.
18.00 **Bæjarins besta.** Kvöldtónlist til að hafa með húsverkunum og eftirvinnunni.
21.00 **Næturvaktin.** Danslög, slagarar og ballöður til að þóknast hressu fólki. Óskalaga- og kveðjusími 681900.

## Hljóðbylgjan Reykjavík
FM 95,7

8.00 **Hafdís Eygló Jónsdóttir** mætir fyrst á staðinn eins og venjulega og spilar góða morguntónlist á föstudegi.
12.00 **Ókynnt tónlist með hádegismatnum.**
13.00 **Snorri Sturluson** í sínu sérstaka föstudagsskapi. Pottþétt tónlist á gleðidegi. Síminn er auðvitað opinn, 625511.
17.00 **Hafdís Eygló Jónsdóttir** segir frá því helsta sem er að gerast um helgina og spilar skemmtilega tónlist.
19.00 **Góð ókynnt tónlist með kvöldmatnum.**
20.00 **Jóhannes K. Kristjánsson** er alltaf í góðu skapi og það heyrir þú svo sannarlega á föstudagskvöldi. Tónlist eins og hún gerist best og óskalagasíminn er 625511.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Þær gerast ekki mikið betri.
4.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA FM-102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa** með erindi **til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
15.00 **Í miðri viku.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
17.00 **Blandaður þáttur** með tónlist, u.þ.b. hálftímakennslu úr orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson.
19.00 **Alfa** með erindi til þín. Frh.
20.00 **Inn úr ösinni.** Endurtekið frá miðvikudegi.
22.00 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon.
00.20 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

13.00 **Tónlist.**
14.00 **Elds er þörf.** Vinstrisósíalistar. E.
15.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök E.
16.00 **Frá vímu til veruleika.** Krýsuvíkursamtökin. E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Samtökin '78. E.**
**19.00 OPIÐ.**
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Uppáhaldslögin.**
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt til morguns með Baldri Bragasyni.**

## ÚTRÁS

16.00 **FB. Auðunn, Þór og Villi í umsjón Arnars.**
18.00 **MR. Tryggvi S. Guðmundsson.**
19.00 **MR. Guðrún Kaldal.**
20.00 **MS. Sigurður Hjörleifsson og Sigurgeir Vilmundarson.**
21.00 **MS. Harpa Hjartardóttir og Alma Oddsdóttir.**
22.00–24.00 **FÁ. Tónar úr gröfinni í umsjá Sigurðar og Kristins.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Hafnarfjörður í helgarbyrjun.** Leikin létt tónlist og sagt frá menningar- og félagslífi á komandi helgi.
22.00–24.00 **Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla** lætur gamminn geisa.

## Hljóðbylgjan Akureyri
FM 101,8

7.00 **Kjartan Pálmarsson** kemur okkur af stað í vinnu með góðri tónlist og léttu spjalli.
9.00 **Rannveig Karlsdóttir** hitar upp fyrir helgina með föstudagspoppi. Óskalögin og afmæliskveðjur á sínum stað. Síminn er 27711.
12.00 **Ókynnt öndvegistónlist.**
13.00 **Pétur Guðjónsson** leikur hressilega helgartónlist fyrir alla aldurshópa.
17.00 **Kjartan Pálmarsson** í föstudagsskapi með hlustendum og spilar tónlist við allra hæfi.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Jóhann Jóhannsson** leikur blandaða tónlist.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar** stendur til.klukkan 4.00 en þá eru dagskrárlok.



**Darren McGavin og Mako leika aðalhlutverkin í Áskorun.**

### Stöð 2 kl. 23.25:

# Áskorunin

Áskorunin (The Challenge) er spennumynd sem fjallar um það hættuástand sem kemur upp þegar gervihnöttur, sem hlaðinn er kjarnorkuvopnum og er í eigu Bandaríkjamanna, lendir á Kyrrahafinu í stað Atlantshafsins þar sem hann átti að lenda.

Bandaríkjamenn flýta sér á staðinn en það gera Kínverjar einnig. Skapar þetta mikla spennu sem leysist á óvæntan hátt.

Myndin er gerð 1970 þegar kalda stríðið geisaði og ber þess nokkur merki. Aðalhlutverkin leika Darren McGavin, Mako, James Whitmore og Broderick Crawford. Leikstjóri er Joe Sargent.

-HK

### Rás 1 kl. 11.05 og 0.10:

# Tónlistarmaður vikunnar

Tónlistarmaður vikunnar að þessu sinni er Mist Þorkelsdóttir. Verður rætt við hana en hún er eitt efnilegasta tónskáldið af yngri kynslóðinni.



**Mist Þorkelsdóttir.**

Eftir nám í píanó- og semballeik í Tónlistarskólanum í Reykjavík fór hún til Bandaríkjanna og lærði tónsmíðar í Hamline University í St. Paul í Minnesota og lauk þar BA prófi í tónsmíðum. Síðan færir hún sig til og stundaði nám undir handleiðslu dr. Lejaren Hiller og Morton Feldman í State University og New York.

Eftir að heim kom hefur Mist haldið áfram að semja og hún hefur einnig stundað kennslustörf. Þátturinn um Mist er tvítekinn í dag og er seinni útsendingin kl. 0.10.

-HK



**Bill Patterson leikur útvarpsmann sem lendir í ýmsum ævintýrum þegar hann fer að kaupa sér ís.**

### Sjónvarp kl. 22.30:

# Fagnaðartíð

Fagnaðartíð (Comfort and Joy) er gamanmynd er gerist í Manchester. Söguhetjan er Alan Bird sem sér um morgunþátt í breskri útvarpsstöð og er nokkuð vinsæll. Hann á þó í vandræðum heima fyrir. Sambýliskona hans yfirgefur hann viku fyrir jól og þegar hún hefur tekið eigur sínar er ekkert eftir í íbúðinni fyrir Bird.

Eini vinur hans reynir að sannfæra hann um að það fái ekki allir hálffertugir menn tækifæri til að byrja upp á nýtt en ekkert dugar. Alan drekkir sorgum sínum með að keyra um göturnar í fína sportbílnum sínum.

Hlutirnir breytast þegar hann ætlar að fá sér ís. Hann fer að rabba við stúlkuna sem selur ísinn. Meðan á því stendur koma skuggalegir náungar og ræna ísvagninum. Alan Bird kemur til hjálpar en það verður aðeins til þess að hann flækist í mál tveggja glæpafjölskyldna og um tíma virðist hann vera að missa tökin á tilverunni.

Fagnaðartíð er virkilega skemmtileg gamanmynd og hefur leikstjóranum, Bill Forsyth, tekist að gæða frekar litlausar persónur lífi. Húmorinn í myndinni er nokkuð sérstakur og leikur Bill Patterson mjög góður í aðalhlutverkinu.

-HK